

Reykjavík, 24.09.2020

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags Nýlendugötu 34

- Breyting á heildarskipulagi fyrir Nýlendureit var samþykkt í skipulagsráði þann 31. október 2007 og í borgarráði þann 8. nóvember 2007. Höfundur deiliskipulags er VA arkitektar.
- Endurskoðun á deiliskipulagi fyrir Nýlendureit var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 20. nóvember 2013 og í borgarráði þann 28. nóvember 2013.
- Breyting á deiliskipulagi fyrir Nýlendugötu 34 var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 1. nóvember 2017 og í borgarráði þann 9. nóvember 2017. Höfundur deiliskipulags er Ydda arkitektar.
- Skilmálabreyting vegna deiliskipulags fyrir Nýlendugötu 34 var samþykkt í skipulags- og samgönguráði þann 3. apríl 2019.

Breytingin felst í því að fallið er frá kröfu um að greiða skuli fyrir bílastæði fyrir íbúðir í húsinu.

Texti gildandi skilmála er svohljóðandi:

- Bílastæði: „Greiða þarf fyrir bílastæði, eitt stæði á íbúð skv. verðskrá byggingarfulltrúa.“

Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svohljóðandi:

- Bílastæði: „Ekki er gerð krafa um að bílastæði fylgi íbúðum hússins.“

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði

2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt

í/á _____

þann _____ 20____.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

_____ 20____.
